

Fundargerð
16. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 14. janúar 2019, kl. 11:30

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfirði
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík

frá stjórn SORPU bs.:

Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbæ

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs. og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Staða viðræðna SORPU bs. og SOS um mögulega lausn á sameiginlegum urðunarstað og áframhald móttöku SORPU bs. á úrgangi frá starfssvæði SOS

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

- a) Afrit úr fundargerð stjórnar SOS frá 7. janúar 2019
- b) Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 9. janúar 2019
- c) Gagnasamantekt framkvæmdastjóra SSH vegna samskipta fulltrúa SORPU bs. og eigendavettvangs SORPU bs. annars vegar og fulltrúa stjórnar SOS frá október 2018 – 8. janúar 2019.

Í bókun stjórnar SOS frá 7. janúar 2019 kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Ljóst er að SOS og aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins geta ekki uppfyllt óskir SORPU um skuldbindingar vegna leitar að sameiginlegum urðunarstað sem eru forsendur óbreytts samstarfs. Formanni er falið að upplýsa SSH/SORPU um stöðuna og framhald mála hjá SOS og óska eftir tímabundinni þjónustu SORPU um móttöku á úrgangi til 6 mánaða á meðan næstu skref eru stigin.“

Umræður

Niðurstaða:

Eigendafundur SORPU bs. harmar þá niðurstöðu sem felst í ákvörðun stjórnar SOS um að draga sig út úr þeirri vinnu sem verið hefur í gangi á vegum sorpsamlaganna á suðvesturhorni landsins um samstarf um sameiginlegar lausnir við meðhöndlun og förgun úrgangs.

Frá árinu 2009 hefur þjónusta SORPU bs. við móttöku og förgun úrgangs frá starfssvæði Sorpurðunar Suðurlands byggst á þeirri forsendu að fundinn verði sameiginlegur urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang sem hluti af fyrirhuguðu samstarfi sorpsamlaganna.

Afstaða stjórnar SOS um að fara aðrar leiðir utan við fyrirhugað samstarf leiðir til þess að forsendur fyrir þjónustu SORPU bs. við SOS eru brostnar, og að auki hefur SOS lagt fram lögfræðiálit þar sem settar eru fram efasemdir um lögmæti þess samnings sem unnið hefur verið eftir frá árinu 2009.

Í ljósi þessa telur eigendafundur SORPU bs. einhlítt að staðið verði við fyrri ákvörðun um að ekki verði framhald á móttöku og förgun úrgangs frá starfssvæði SOS.

Framkvæmdastjóra SORPU bs. var falið að tilkynna stjórn SOS um ofangreinda niðurstöðu og upplýsa forsvarsmenn aðildarsveitarfélaga samhliða. Gert er ráð fyrir að móttöku úrgangs frá starfssvæði SOS verði hætt frá og með 21. janúar nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 12:00

Páll Guðjónsson, fundarritari.